

# Samþjöppun aflaheimilda

## Staðan á markaðnum

Höfundar

**Kristján Dagur Egilsson**  
**Særós Eva Óskarsdóttir**  
**Jón Sch. Thorsteinsson**

Löngum hefur verið rætt um samþjöppun aflaheimilda í sjávarútvegi hérlandis og mikilvægi samkeppni í greininni. Skilgreint er í lögum<sup>1</sup> tiltekið hámark aflaheimilda sem geta verið á hendi sömu aðila til að fyrirbyggja of mikla samþjöppun. Nýlega reiknaði Arev og færði inn samþjöppunarstuðla fyrir nokkur útgerðarfélög, en Arev hefur verið að þróa hugbúnað til að auka gagnsæi á markaði fyrir samþjöppun aflaheimilda í sjávarútvegi.

Samþjöppunin var metin með því að nota aflahlutdeildarreiðni Arev, sem er forritasafn ritað í forritunarmálunum python og shiny. Afurð forritasafnanna er aðgengileg með vefaðgangi sem hægt er að óska eftir.<sup>2</sup> Forritið sækir bæði söguleg og nýjustu gögn um úthlutanir til Fiskistofu. Reiknaðir voru þrjár samþjöppunarstuðlar HHI<sup>3</sup> (MHHI)<sup>4</sup>, CR3<sup>5</sup> og CR8<sup>6</sup> fyrir allan markaðinn.

HHI stuðulinn, og eftir atvikum MHHI stuðulinn, má nota til þess að meta samkeppni. Eftirfarandi viðmið koma fram á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins<sup>7</sup>:

- Ef HHI er minna en 1.000 er markaðurinn virkur samkeppnismarkaður
- Ef HHI er á bilinu 1.000 til 1.800 eru markaðir taldir vera í meðallagi samþjappaðir
- Markaðir með meira en 1.800 til 2.000 nálgast það að vera mjög samþjappaðir
- Markaðir yfir 2.000 er allajafnan álitnir mjög samþjappaðir

Almennt telja evrópsk samkeppnisyfirlönd ESB að markaðir séu samþjappaðir ef HHI er hærra en 2.500 stig. Þau stöðva oft samruna á samþjöppuðum markaði ef hækkan á HHI við samruna er hærri en 150 stig. Bandarísk samkeppnisyfirlönd stöðva oftast samruna ef HHI hækkar um meira en 250 stig.



Tafla 1 MHHI, HHI, CR3 og CR8 fiskveiðiárið 23/24 miðað við eignarhald í árslok 2023.

Tegund	MHHI gildi	HHI gildi	CR3%	CR8%
Porsgígildi (%)	706	595	27,6	61,6
Karfi/gullkarfi	1.508	1.239	42,7	74,9
Porskur	553	497	24,6	55,9
Ufsi	936	875	33,6	71,5
Ýsa	668	621	21,2	60,8
Uppsjávartegundir	1562	1418	36,6	78,1
Án uppsjávar teg.	672	566	27,1	60,6

Tafla 2 Samþjöppun samstæða á dagvörumarkaði með söluskálum

Félag	Sala (ma.kr.)	Markaðs-hlutdeild %	HHI gildi	CR3%	CR8%
Hagar	122,0	47%	2.181		
Festi	70,7	27%	731		
Samkaup	42,1	16%	260		
Costco	8,7	3%	11		
Heimkaup	5,1	2%	4		
Fjarðar kaup	4,1	2%	3		
Euro & Mini market	3,3	1%	2		
Aðrir	5,2	2%	4		
<b>Samtals</b>	<b>262,9</b>		<b>3.195</b>	<b>76%</b>	<b>98%</b>

## Samþjappaður sveigjanleiki

Gamalgróin reynsla íslenskrar þjóðarsálar birtist í orðtakinu um að síldin komi og síldin fari. Nú birtast fréttir af því að makrillinn, sem kom inn í sameiginlega lögsögu okkar fyrir nokkrum árum, sé nú, kanski, farinn – í bili a.m.k. Brestur í loðnu þetta fiskveiðiárið hefur viss áhrif á þjóðhagsreikninga og útflutningstekjur en veldur ekki vanda á við brotthvarf síldarinnar á síðustu öld. Sveigjanleiki hins íslenska sjávarútvegs er mikill og styrkur hans einnig. Samþjoppun þar er greind, með margvíslegum útreikningum, í annarri af greinum blaðs vikunnar.

Sveigjanleiki hins íslenska vinnu- markaðs hefur einnig eflst, þar sem aðflutningur fólks – sérstaklega af Evrópska efnahagssvæðinu – eykur styrk, stöðugleika og þrótt vinnu- aflsins.

Sautján af hverjum hundrad íbúum landsins eru fæddir í öðru landi og enn hærra er hlutfallið, eða yfir 20%, meðal þeirra sem vinna á markaðnum. Sveigjanleika vinnu- markaðarins eru gerð ítarleg skil í [forsíðugrein vikunnar](#).

Afl fjöldans er mikið og berast nú sögur af því að sá hluti vinnu- markaðarins sem þekkir vel til utan landssteinanna sé nú jafnvel að flytja inn eigin matvæli í gámum en hafi gefist upp á samþjoppun og háu verði smásölu- og stórkaupmanna. Hins vegar verður ekki séð hvernig sjálfs- bjargarviðleitnin og skynsamlega hófsamir kjarasamningar fyrir á árinu muni stuðla að lækknun verðbólgunnar. Frá [Nýja-Sjálandi](#) berast nú fréttir um að fólk flyi land vegna slæmra lífskjara og hinnar háu verðbólgu. Í [Japan sagði forsætisráðherran](#) af sér í vikunni af svipuðum ástæðum. En bæði löndin berjast við um helming þeirrar verðbólgu sem er hérlendis.

Í ljósi styrks og sveigjanleika út- flutningsgreina og innflutnings vinnu- afls kemur á óvart hve efnahagsstjórn hér gengur erfiðlega. Mögulega má skýringa leita í því að rúmlega fjórar af hverjum tíu krónum í hagkerfinu eru gerðar upp í erlendum gjaldyri í bókhaldi um 250 hlutafélaga. ☞

Tafla 3 MHHI, HHI, CR3 og CR8 fiskveiðiárið 23/24 þegar gert er ráð fyrir að SVN og Brim lúti sameiginlegum yfirráðum og miðað er við eignarhald í árslok 2023

Tegund	MHHI gildi	HHI gildi	CR3%	CR8%
Þorskígildi (%)	947	886	39,8	65,1
Karfi/gullkarfi	1.895	1.677	50,7	77,0
Þorskur	663	657	34,6	60,3
Ufsi	1.317	1.270	43,1	75,6
Ýsa	912	899	36,7	66,3
Uppsjávartegundir	2.388	2.244	61,1	78,1
Án uppsjávar tegunda	871	807	37,6	64,4

Tafla 4 Mismunur á gildum á milli tafla 1 og 3

Tegund	MHHI gildi	HHI gildi	CR3%	CR8%
Þorskígildi (%)	241	292	12,3	3,6
Karfi/gullkarfi	387	438	8,0	2,1
Þorskur	110	160	10,1	4,5
Ufsi	381	395	9,5	4,1
Ýsa	244	278	15,5	5,6
Uppsjávartegundir	826	826	24,5	0,0
Án uppsjávar teg.	200	241	10,5	3,8



### Almennt telja evrópsk samkeppnisyfirlönd ESB að markaðir séu samþjappaðir ef HHI er hærra en 2.500 stig

CR hlutföll eru einfaldari mælikvarði og gjarnan notuð þegar fjallað er um markaði sem vítað er að eru samþjappaðir, þar sem HHI er yfir 2.000 stig. CR8 mælir hlutdeild 8 stærstu aðila á markaði og á vel við skoðun á þessum markaði.

Í töflu 1 höfum við reiknað samkeppnis- hlutföllin fyrir helstu fisktegundir veiddar við Ísland.

Tafla 1 sýnir að ekki er um samþjappaðan markað að ræða í flestum tilvikum. Markaður fyrir aflaheimildir með karfa og uppsjávarafurðir er hóflega samþjappaður og hefur verið það lengi þar sem í báðum tilvikum er um að ræða afurðir sem þurfa mikla sérhæfingu og fjárfestingu til þess að veiðarnar verði arðbærar.

Til samanburðar er hér tekið dæmi um samþjappaðan markað en Arev hefur um árabíl uppfært mat sitt á samþjoppun- arhlutföllum dagvörumarkaðsins árs- fjórðungslega, sjá töflu 2.

HHI dagvörumarkaðsins er 3.195 stig og greinilegt að hann er mjög samþjappaður markaður. Jafnframt eru þrjár stærstu aðilarnir með 76% (CR3) af markaðnum og sex stærstu aðilarnir með 97% (CR6) af markaðnum.

Eins og sjá má er MHHI/HHI stuðullinn fyrir dagvörumarkaðinn um 2.500

stigum hærra en fyrir þorskígildistonn, sem er mælikvarði á heildarsamþjoppun á aflaheimildum.

#### Dæmi um sameiningu stórra aðila

Arev lék forvitni á að vita hver áhrifin á samkeppnisstuðla væru ef litið væri svo á að Síldarvinnslan á Neskaupsstað (SVN) og Brim í Reykjavík lytu sameiginlegum yfirráðum:

Taflan sýnir að eftir sem áður væri markaðurinn ekki samþjappaður í flestum tilvikum. Sérstaka athygli vekur að MHHI/HHI er enn undir 1.000.

Í töflu 4 hér að neðan er svo sýndur mismunur á gildunum í töflum 1 og 3.

Eins og sjá má eru breytingarnar í sumum flokkum yfir 250, sem er hins vegar eins og við er að búast þegar félög á borð við Brim og Síldarvinnsluna eru tekin saman. Eins og áður hafa þær meiri áhrif í uppsjávartegundum og karfa m.a. af ástæðum sem þegar hafa verið raktar. Rétt er að taka fram að útreikningarnir voru gerðir áður en makrill var úthlutað í júní sem breytir þó litlu. Í næstu grein okkar verður fjallað um þróun samþjoppunar fyrir aflaheimildir undanfarin fiskveiðiár og þær breytingar sem hafa átt sér stað á markaðnum. ☞

#### Tilvísanir

- Sjá Lög um stjórn fiskveiða nr. 116, 2006.
- Sjá nánar á: [www.arev.is](#)
- Herfindahl-Hirschman Index (HHI) er vinsæl mælieining til að meta markaðshlutdeild og samþjoppun á mörkuðum. Formúlan fyrir HHI er:  $HHI = \sum_{i=1}^n s_i^2$
- Modified Herfindahl-Hirschman Index (MHHI) tekur hugmyndina um HHI og bætir við leiðréttingum vegna tengslum í eignarhaldi á milli fyrirtækja. Formúlan fyrir MHHI er:  $MHHI = HHI + \Delta$ .  $\Delta$  er aðlögunin fyrir tengils eignarhalds á milli fyrirtækja.
- CR3 mælir hlutdeild þriggja stærstu aðila á markaði.
- CR8 mælir hlutdeild þriggja stærstu aðila á markaði.
- Sjá nánar á: [www.samkeppni.is](#)